

Ed.

197. Tillaga

til þingsályktunar um eftirlaun handa Jóhannesi pósti Þórðarsyni á Ísafirði.

Flutningsmenn: Magnús Torfason, Hjörtur Snorrason og Guðjón Guðlaugsson.

Alþingi ályktar að heimila landsstjórninni að greiða Jóhannesi pósti Þórðarsyni 1000 kr. eftirlaun á ári.

Greinargerð.

Á póstferðum frá Hjarðarholti til Ísafjarðar hefir verið gerð sú breyting, að pósturinn fer að eins frá Búðardal að Arngerðareyri. Þar sem núverandi póstur er búsettur á Ísafirði og á hvorki kost á grasnyt nje heimili nálægt Arngerðareyri, er hann til neyddur að segja af sjer starfinu, og þar sem hann, er um aldarfjórðung hefir þjónað þessu starfi með sjerstökum dugnaði og trúmensku, nú er þrotinn að heilsu og þrátt fyrir ítrustu sparsemi aleignalaus maður og hefir fyrir fjölskyldu að sjá, virðist sjálfsagt að veita honum svo mikil eftirlaun, að hann geti komist af án annara hjálpar.